

8. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2019-2020

Fimmtudaginn 2. janúar kl. 18:00 var haldinn áttundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðni B. Guðnason, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanns Guðbjargar Guðmundsdóttur.

Formaður félagsins, Herdís Hallmarsdóttir, var auk þess í sambandi við fundinn gegnum samfélagsmiðla.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

1. Viðbrögð HRFÍ við drögum að reglugerð um innflutning hunda og katta

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti birti drög að nýrri reglugerð um innflutning hunda og katta í samráðsgátt stjórnvalda þann 20. desember (fylgiskjal 1). Gefinn er frestur til 3. janúar til umsagna en HRFÍ frétti af málinu fyrir tilviljun eftir ábendingu frá félagsmanni.

Stjórnarmenn fara yfir reglugerðina og ræða þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Vísindanefnd félagsins hefur farið yfir drögin og komið með ábendingar til félagsins (fylgiskjal 2). Ákveðið er að skila inn umsögn frá Hundaræktarfélagi Íslands og lögð fyrstu drög að bréfi.

Fundi slitið 20:00